



Reykjavík 22. apríl 2020

Efni: Tilslakanir á takmörkunum 4. maí – fjöldatakmörkun skólar

Tilslökunin sem tekur gildi 4. maí 2020 gildir til 1.júní, en aflétting eða framlenging á henni verður endurmetin af stjórnvöldum.

Frá og með 4. maí verður skólahald leik- og grunnskóla verður með hefðbundnum hætti. Sama á við um starfsemi dagforeldra, frístundaheimila, félagsmiðstöðva og aðra lögbundna þjónustu á leik- og grunnskólastigi.

Mælst er til þess að skólar og foreldrafélög skipuleggi ekki fjölmennar samkomur og takmarki gestakomur í skólana, t.d. sveitaferðir og sumarhátíðir. Samkomur á vgam skóla geta farið fram utan hans en án fullorðinna gesta.

Fjöldatakmörkanir gilda um starfsmenn leik- og grunnskóla þ.e. 2 metra fjarlægð og hámarksfjöldi fullorðinna í hverju rými er 50.

Neyðarstig almannavarna vegna COVID-19 er enni í gildi og því mikilvægt er að hafa í huga almennar sóttvarnarráðstafnir er enn í gildi bæði í skólum sem og annars staðar. Skólar eiga að fylgja sínum viðbragðsáætlunum varðandi möguleg smit.

Mikilvægt er að leggja áherslu á:

- Almenn þrif, sérstaklega algenga snertifleti.
- Aðgangur að sóttthreinsandi vökva fyrir hendur sé hafður eins víða og talin er þörf á.

Nánari upplýsingar er að finna á www.covid.is